

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/358****2023/EES/62/32****frá 4. mars 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir
svifflugur (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 23. gr., 27. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákvarða kröfurnar fyrir flugmannsskírteini fyrir svifflugur í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í ljósi þess að veiting flugliðaskírteina fyrir svifflugur er sérstaks eðlis þá er þörf á sérstökum kröfum um veitingu skírteina, sem mælt er fyrir um í sjálfstæðri reglugerð. Þessar kröfur ættu að byggjast á almennu reglunum að því er varðar veitingu flugliðaskírteina sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽²⁾. Hins vegar ætti að endurskipuleggja og einfalda kröfurnar til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að flugmenn svifflugna séu hæfir til að sinna starfi sínu og skyldum. Einnig ætti að gera samsvarandi ritstjórnarlega uppfærslu á reglunum um starfrækslu svifflugna til að taka tillit til flutnings reglna um skírteini frá reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ⁽³⁾.
- 3) Samkvæmt 3. lið 2. mgr. a í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 er aðildarríkjum heimilt, til 8. apríl 2020, að beita áfram landsbundnum reglum um skírteini sem veita aðgang að grunnréttindum flugmanna. Nokkur aðildarríki hafa í þessu samhengi tilkynnt framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins að áframhaldandi beiting þessara landsbundnu reglna um skírteini, þar sem flugnemar neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits og fá grunnréttindi í áföngum, stuðli að því að efla sport- og tómstundaflug, því það veitir greiðari og enn hagkvæmari aðgang að flugi. Að stuðla að greiðari aðgangi að almannaflugi er í samræmi við markmiðin í vegvísi Flugöryggisstofnunar Evrópu um almannaflug, sem miðar að því að skapa hóflega, sveigjanlegra og virkara reglukerfi ⁽⁴⁾. Af þessum sökum ætti aðildarríkjum að vera frjálst að beita áfram þessum landsbundnu reglum um skírteini, í samræmi við meginreglurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/430 ⁽⁵⁾, í þeim tilgangi að gefa út flugmannsskírteini fyrir svifflugur (SPL-skírteini). Aðildarríkin ættu þó að upplýsa framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu þegar þeir nýta sér slíkar heimildir. Aðildarríkin ættu einnig að vakta notkun slíkra heimilda til þess að viðhalda viðunandi flugöryggisstigi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

(4) <https://www.easa.europa.eu/easa-and-you/general-aviation/general-aviation-road-map>

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/430 frá 18. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út (Stjtið. ESB L 75, 19.3.2019, bls. 66).

- 4) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti ættu öll vottorð, leyfi og samþykki, sem voru gefin út til flugmanna sviðflugna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að halda gildi sínu. Breyta ætti þjóðarskírteinum sviðflugmanna, sem gefin voru út fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð samkvæmt umbreytingarskýrslum lögbærna yfirvalda aðildarríkjanna í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu.
- 5) Þjálfun sviðflugmanna, sem hófst í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ætti að hljóta fulla viðurkenningu vegna þess að hún uppfyllir sömu eða enn umfangsmeiri þjálfunarkröfur en þær sem innleiddar eru með þessari reglugerð. Þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, ætti að hljóta fulla viðurkenningu á grundvelli viðurkenningarskýrslna aðildarríkjanna.
- 6) Núverandi þjálfunarfyrirtæki ættu að fá viðeigandi tíma til að aðlaga þjálfunaráætlanir sínar að einfölduðu þjálfunarkröfunum, ef nauðsyn krefur.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit Flögöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2019 ⁽⁶⁾ í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviðflugna sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir sviðflugur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139“.

- 2) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með sviðflugur sem og um útgáfu og viðhald flugmannsskírteina og tengdra áritana, réttinda og vottorða fyrir sviðflugur, þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

- 3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi kemur í stað inngangsmálsliðarins:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, nema hugtök séu skilgreind á annan hátt í þessari grein.“

- b) Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu sviðflugu á ábyrgð leigutaka.“

- c) Eftirfarandi 11.–13. liðir bætast við:

„11) „þjóðarskírteini“: flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landslögjöf fyrir umsóknardaginn í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð eða í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

⁽⁶⁾ Álit nr. 01/2019, A- og B-hluti, 19.2.2019 sem ber titilinn *Easier access for GA pilots to IFR flying & Revision of the balloon and sailplane licensing requirements*. Aðgengilegt á: <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

- 12) „skírteini samkvæmt SFCL-hluta“: flugliðaskírteini sem uppfyllir kröfur III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð,
 - 13) „umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar umbreytingar á skírteini í skírteini samkvæmt SFCL-hluta.“
- 4) Eftirfarandi 3. gr. a til 3. gr. d bætast við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð

1. Með fyrirvara um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (*) skulu flugmenn loftfara, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
2. Sem undanþága frá þeim réttindum sem handhafar skírteina hafa, eins og skilgreint er í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð, er handhöfum slíkra skírteina heimilt að starfrækja flug sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr. án þess að uppfylla kröfurnar í 3. lið a-liðar í lið SFCL.115 í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð.
3. Aðildarríki getur heimilað flugnemum, sem sitja þjálfunarnámskeið fyrir SPL-skírteini, að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en þeir uppfylla allar kröfur sem eru nauðsynlegar fyrir útgáfu SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð, sbr. þó öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) umfang þeirra réttinda sem veitt eru byggist á öryggisáhættumati sem aðildarríkið framkvæmir, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar, til að flugmaðurinn nái æskilegu hæfnistigi,
 - b) takmarka skal réttindin við eftirfarandi:
 - i. allt yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða hluta af því, sem veitir heimildina, og
 - ii. sviðflugur sem eru skráðar í aðildarríkinu sem veitir heimildina,
 - c) handhafi heimildar, sem sækir um útgáfu SPL-skírteinis, skal fá þjálfunina, sem innt er af hendi samkvæmt heimildinni, metna og skal aðildarríkið ákvarða matið á grundvelli tilmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO) eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO),
 - d) aðildarríkið skal leggja skýrslur og öryggisáhættumat fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins á þriggja ára fresti,
 - e) aðildarríkið skal vakta hvernig heimildirnar, sem gefnar eru út samkvæmt þessari málsgrein, eru notaðar til að tryggja viðunandi flugöryggisstig og grípa til viðeigandi aðgerða ef aukin öryggisáhætta eða einhver annar öryggisvandi greinist.

3. gr. b

Núverandi flugmannsskírteini og þjóðarheilbrigðisvottorð

1. Skírteini samkvæmt FCL-hluta fyrir sviðflugur og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út af aðildarríki fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu skipta þessum skírteinum út fyrir skírteini sem fylgja því sniði sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 þegar þau endurútgefa skírteini af stjórnsýslulegum ástæðum eða að beiðni skírteinishafa.
2. Þegar aðildarríki endurútgefur skírteini og tengd réttindi, áritanir og vottorð í samræmi við 1. mgr. skulu aðildarríkin, eftir því sem við á:
 - a) flytja öll réttindin sem þegar hafa verið skráð í skírteini samkvæmt FCL-hluta yfir á hið nýja snið skírteinis,
 - b) breyta áritunum fyrir listflug, sem eru gefnar út í samræmi við lið FCL.800 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, í framhaldsréttindi fyrir listflug í samræmi við c-lið SFCL.200 í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð,
 - c) skrá í leiðarflugbók flugmanns þá dagsetningu sem flugkennaravottorð, sem tengist skírteini samkvæmt FCL-hluta, fellur úr gildi eða gefa út jafngilt skjal. Eftir þann dag skulu flugmenn aðeins neyta kennararéttinda ef þeir uppfylla kröfurnar í lið SFCL.360 í III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð.

3. Handhöfum þjóðarskrteina fyrir sviffflugur, sem aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (SFCL-hluta) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skal vera heimilt að neyta áfram réttinda skirteina sinna fram til 8. apríl 2021. Fyrir þann dag skulu aðildarríkin hafa breytt þessum skirteinum í skirteini samkvæmt SFCL-hluta og tengdum áritunum, réttindum og vottorðum í samræmi við þá þætti sem mælt er fyrir um í umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar í 4. og 5. mgr. 4. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. Þjóðarheilbrigðisvottorð flugmanna í tengslum við skirteini, eins og tilgreint er í 2. mgr. þessarar greinar og aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (SFCL-hluta) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skulu halda gildi sínu fram að dagsetningu næstu framlengingar á gildistíma eða til 8. apríl 2021, eftir því hvort er á undan. Við framlengingu á slíkum heilbrigðisvottorðum skal fara að kröfum IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

3. gr. c

Viðurkenning fyrir þjálfun sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda

1. Að því er varðar útgáfu á skirteinum samkvæmt SFCL-hluta og tengdum réttindum, áritunum eða vottorðum, í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við þessa reglugerð, skal þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, teljast uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.

2. Veita skal viðurkenningu fyrir þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð eða I. viðauki (FCL-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur til framkvæmda, í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, í tengslum við útgáfu skirteina samkvæmt SFCL-hluta á grundvelli viðurkenningarskýrslu sem unnin er af aðildarríkinu í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.

3. Í viðurkenningarskýrslunni, sem um getur í 2. mgr., skal lýsa umfangi þjálfunarinnar, tilgreina fyrir hvaða kröfur úr SFCL-hluta viðurkenning er veitt fyrir og, ef við á, hvaða kröfur umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá útgefið skirteini samkvæmt SFCL-hluta. Hún skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að staðfesta umfang þjálfunarinnar sem og afrit af þeim landsbundnu reglugerðum og málsmeðferðarreglum sem þjálfunin hófst í samræmi við.

3. gr. d

Þjálfunarfyrirtæki

1. Þjálfunarfyrirtæki, sem veita þjálfun í því skyni að veita þau flugmannsskirteini sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skulu uppfylla kröfurnar í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

2. Þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 1. mgr. og sem hafa samþykki sem gefið er út í samræmi við VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða hafa lagt fram yfirlýsingu í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu aðlaga þjálfunaráætlanir sínar, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 8. apríl 2021.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 4. mars 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).“

5) Ákvæðum I. viðauka (DEF-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum II. viðauka (SAO-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

7) Nýr III. viðauki (SFCL-hluta) bætist við, eins og sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka „Skilgreiningar“ (DEF-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað inngangsmálsliðarins:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 sem og í lið FCL.010 í I. viðauka (FCL-hluta) þeirrar reglugerðar, nema hugtökin séu skilgreind á annan hátt í þessum viðauka.“

2) Í stað 13. liðar kemur eftirfarandi:

„13. „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni; ljósaskipti enda að kvöldi þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring og hefjast að morgni þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring.“

3) Eftirfarandi 14.–19. liðir bætast við:

„14. „færniþróf“: sýnt fram á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar eða viðbótarréttinda, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,

15. „hæfnismat“: sönnun á hæfni, þekkingu og viðhorfi vegna fyrstu útgáfu, framlengingar gildistíma eða endurnýjunar kennaravottorðs eða prófdómaravottorðs,

16. „fartími“:

a) fyrir sviffflugur sem taka á loft fyrir eigin afli og ferðavélsviffflugur, sá heildartími sem líður frá því að loftfar hreyfist fyrst í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að fullu að afloknu flugi,

b) fyrir sviffflugur, sá heildartími frá því að sviffflugan hefur keyrslu sína á jörðu niðri í því skyni að hefja sig á loft þar til að sviffflugan stöðvast að afloknu flugi,

17. „hæfniþróf“: sýnt fram á færni í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar sem settar er fram í þessari reglugerð um nýlega reynslu, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,

18. „einflug“: það flug sem flugnemi er einn í loftfarinu,

19. „landflug“: flug sem er handan sjónmáls eða fjarlægðar sem lögbært yfirvald skilgreinir frá brottfararstað þar sem notað er staðlað verklag við flugleiðsögu.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar SAO.GEN.125 „Tilnefning flugstjóra“ kemur eftirfarandi:

„SAO.GEN.125 Tilnefning flugstjóra

Flugrekandinn skal tilnefna flugstjóra sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.“

III. VIÐAUKI

Eftirfarandi III. viðauki við reglugerð (ESB) 2018/1976 bætist við á eftir II. viðauka:

*„III. VIÐAUKI***KRÖFUR VARÐANDI VEITINGU FLUGLÍÐASKÍRTEINA FYRIR SVIFFLUGUR**

[SFCL-HLUTI]

*GEN-KAFLI***ALMENNAR KRÖFUR****SFCL.001 Gildissvið**

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu flugmannsskírteina fyrir sviffflugur (SPL-skírteina) og tengdra réttinda, áritana og vottorða og skilyrðin fyrir gildi þeirra og notkun.

SFCL.005 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka skal lögbært yfirvald vera yfirvald sem aðildarríkið tilnefnir til að taka við umsóknum einstaklinga um SPL-skírteini eða tengd réttindi, áritanir eða vottorð.

SFCL.015 Umsókn um og útgáfa, framlenging og endurnýjun SPL-skírteinis sem og tengdra réttinda, áritana og vottorða

a) Eftirfarandi skal lagt fyrir lögbæra yfirvaldið á því formi og á þann hátt sem viðkomandi lögbært yfirvald ákveður:

1) umsókn um:

- i. útgáfu SPL-skírteinis og tengdra áritana,
- ii. framlengingu á réttindum SPL-skírteinis, að undanskildum þeim réttindum sem tilgreind eru í 2. og 3. lið a-liðar SFCL.115 og lið SFCL.155, SFCL.200 og SFCL.215,
- iii. útgáfu vottorðs flugkennara á sviffflugur (FI(S)),
- iv. útgáfu, framlengingu og endurnýjun flugprófdómaravottorðs fyrir sviffflugur (FE(S)),
- v. breytingar á SPL-skírteininu og tengdum réttindum, áritunum og vottorðum, að undanskildum réttindunum sem um getur í ii. lið, og

2) ef lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli þar um, afrit af viðeigandi færslum leiðarflugbókar, eins og tilgreint er í d-lið SFCL.115, b-lið SFCL.155, f-lið SFCL.200 og d-lið SFCL.215.

- b) Gögn sem sýna fram á að umsækjandinn fari að viðeigandi kröfum, sem komið er á í þessum viðauka og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu fylgja umsóknum sem tilgreindar eru í a-lið.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá í skírteinið eða vottorðið allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veitir, nema til að öðlast þau réttindi sem tilgreind eru í ii. lið 1. liðar a-liðar.
- d) Einstaklingur skal aldrei hafa nema eitt SPL-skírteini, sem gefið er út í samræmi við þennan hluta.
- e) Skírteinishafi skal leggja fram umsóknir, samkvæmt a-lið, til lögbæra yfirvaldsins sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skírteini hans eða hennar voru gefin út í samræmi við þennan viðauka (BFCL-hluta) eða I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/395, eftir því sem við á.
- f) Handhafi SPL-skírteinis getur óskað eftir því að lögbæra yfirvaldinu verði skipt út fyrir það lögbæra yfirvald sem annað aðildarríki tilnefnir en í slíku tilviki skal nýja lögbæra yfirvaldið vera það sama fyrir öll skírteini sem hann er handhafi að.

- g) Umsækjendur skulu sækja um útgáfu SPL-skírteinis og tengdra áritana, réttinda eða skírteina eigi síðar en sex mánuðum eftir að hafa lokið færniþrófinu eða hæfnismatinu með fullnægjandi árangri.

SFCL.030 Færniþróf

Að lokinni þjálfun skulu umsækjendur um færniþróf leggja fram meðmæli samþykka þjálfunarfyrtækisins (AT) eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins (DTO) sem bar ábyrgð á þeirri þjálfun sem þeir gengust undir. Samþykka þjálfunarfyrtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækið skal veita prófdómara aðgang að þjálfunarskránum.

SFCL.035 Viðurkenning á fartíma

Viðurkenna skal að fullu allan fartíma umsækjenda um útgáfu SPL-skírteinis eða tengdra réttinda, áritunar eða vottorðs í einflugi, fartíma með kennara eða fartíma sem flugstjóri á sviffflugum, upp í þann heildartíma sem krafist er vegna skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins.

SFCL.045 Skylda til að bera og framvísa skjölum

- a) Þegar handhafar SPL-skírteina neyta réttinda SPL-skírteinis skulu þeir hafa eftirfarandi skjöl meðferðis:
- 1) gilt SPL-skírteini,
 - 2) gilt heilbrigðisvottorð,
 - 3) persónuskilríki með mynd af honum eða henni,
 - 4) fullnægjandi gögn úr leiðarflugbók til að sýna fram á að farið sé að kröfunum í þessum viðauka.
- b) Í öllum einflugum í landflugi skulu flugnemar hafa meðferðis:
- 1) þau skilríki sem tilgreind eru í 2. og 3. lið a-liðar,
 - 2) gögn sem sýna fram á að þeir hafi heimild til að fljúga, eins og krafist er í a-lið SFCL.125.
- c) Handhafar SPL-skírteina eða flugnemar skulu tafarlaust framvísa skjölunum sem tilgreind eru í a-lið til skoðunar þegar um það er beðið af viðurkenndum fulltrúa lögbæra yfirvaldsins.
- d) Þrátt fyrir a- og b-lið má geyma skjölin, sem tilgreind eru þar, á flugvellingum eða starfrækslusvæðinu ef um er að ræða flug sem halda sér:
- 1) í sjónmáli frá flugvellingum eða starfrækslusvæðinu, eða
 - 2) innan fjarlægðar frá flugvellingum eða starfrækslusvæðinu sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.

SFCL.050 Skráning á fartíma

Handhafar SPL-skírteinis og flugnemar skulu geyma upplýsingar um öll flug flogin í áreiðanlegri skrá á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

SFCL.065 Réttindamissir handhafa SPL-skírteina, sem náð hafa 70 ára aldri eða meira, í tengslum við farþegaflutninga með svifflogu

Handhafar SPL-skírteina, sem hafa náð 70 ára aldri, skulu ekki starfa sem flugmenn svifflogna, sem notaðar eru við farþegaflutninga með svifflogu.

SFCL.070 Takmörkun, tímabundin svipting og afturköllun skírteina, réttinda, áritana og vottorða

- a) Lögbæru yfirvaldi er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla SPL-skírteini, sem og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum og málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, ef handhafi SPL-skírteinis fer ekki að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða að kröfunum í þessum viðauka sem og í II. viðauka (SAO-hluta) við þessa reglugerð eða í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

- b) Handhafar SPL-skírteina skulu tafarlaust skila skírteininu eða vottorðinu til lögbær yfirvaldsins ef skírteini þeirra, réttindi, áritun eða vottorð hefur verið takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

SPL-KAFLI

SVIFFLUGMANNSKÍRTEINI (SPL-SKÍRTEINI)

SFCL.115 SPL — Réttindi og skilyrði

- a) Með fyrirvara um að farið sé að kröfumum í lið SFCL.150 hafa handhafar SPL-skírteina réttindi til að starfa sem flugstjóri á sviffflugum sem hér segir:
- 1) án þóknunar í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni,
 - 2) við farþegaflutninga, aðeins ef þeir:
 - i. uppfylla ákvæði e-liðar SFCL.160, og
 - ii. annaðhvort:
 - A) hafa lokið, eftir útgáfu SPL-skírteinisins, a.m.k. 10 fartímum eða 30 flugtökum og landingum sem flugstjóri á sviffflugum og, þar að auki, einu þjálfunarflugi þar sem handhafar skulu sýna flugkennara á sviffflugum fram á tilskilda hæfni fyrir farþegaflutninga, eða
 - B) eru handhafar kennaravottorðs fyrir sviffflugur í samræmi við FI-kafla,
 - 3) við starfrækslu aðra en þá sem er tilgreind í 1. lið, aðeins ef þeir hafa:
 - i. náð 18 ára aldri,
 - ii) lokið 75 fartímum eða 200 flugtökum eða landingum sem flugstjóri á sviffflugum eftir útgáfu skírteinisins.
- b) Þrátt fyrir a-lið geta handhafar SPL-skírteina, sem hafa réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, þegið þóknun fyrir:
- 1) að veita flugkennslu fyrir SPL-skírteinið,
 - 2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir SPL-skírteini,
 - 3) þjálfun, prófun og mat á hæfni í tengslum við þau réttindi, áritanir og vottorð sem fylgja SPL-skírteini.
- c) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta réttinda SPL-skírteinis ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur um nýlega reynslu og aðeins ef þeir hafa gilt heilbrigðisvottorð sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er.
- d) Þegar þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í A-lið ii. liðar 2. liðar a-liðar, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af þeim kennara sem ber ábyrgð á þjálfunarfluginu.

SFCL.120 SPL – Lágmarksaldur

Umsækjendur um SPL-skírteini skulu vera a.m.k. 16 ára gamlir.

SFCL.125 SPL – Flugnemi

- a) Flugnemar skulu ekki fljúga einir nema þeir hafi til þess heimild og séu undir umsjón flugkennara á sviffflugum.
- b) Flugnemi skal vera a.m.k. 14 ára gamall til að fljúga einflug.

SFCL.130 SPL – Kröfur um þjálfunarnámskeið og reynslu

- a) Umsækjendur um SPL-skírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki. Þetta námskeið skal vera sérsniðið að þeim réttindum sem sótt er um og skal innihalda:
 - 1) bóklega þekkingu eins og tilgreint er í SFCL.135,

- 2) a.m.k. 15 flugkennslutíma á svifflugu, þ.m.t. að lágmarki:
- i. 10 fartíma með kennara, þar af fartíma með kennara samkvæmt A-lið iv. liðar eða A-lið v. liðar, eftir því sem við á,
 - ii. 2 einflugstíma undir umsjón,
 - iii. 45 flugtök og landingar,
 - iv. 7 flugkennslutíma á svifflugu, þó ekki á ferðavélsvifflugu, ef sótt er um réttindi fyrir svifflugur, þó ekki réttindi fyrir ferðavélsvifflugur, þ.m.t. að lágmarki:
 - A) 3 fartíma með kennara,
 - B) annaðhvort:
 - a) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 50 km (27 sjómílar) eða
 - b) eitt landflug með kennara sem er a.m.k. 100 km (55 sjómílar) sem heimilt er að ljúka í ferðavélsvifflugu þrátt fyrir ákvæði iv. liðar 2. liðar,
 - v) 6 flugkennslutíma á ferðavélsvifflugu ef sótt er um réttindi fyrir ferðavélsvifflugur, þ.m.t. að lágmarki:
 - A) 4 fartíma með kennara,
 - B) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 150 km (80 sjómílar) í ferðavélsvifflugu þar sem stöðvunarlanding á sér stað á flugvelli öðrum en brottfararflugvelli.
- b) Umsækjendur sem eru handhafar flugmannsskírteinis fyrir aðra gerð loftfara, að undanskildum skírteinum fyrir lofibelgi, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en sjö tíma. Umfang viðurkenningar má ekki undir neinum kringumstæðum:
- 1) taka til krafanna í ii. lið 2. liðar a-liðar, B-liðar iv. liðar 2. liðar a-liðar og B-liðar v. liðar 2. liðar a-liðar, og
 - 2) að því er varðar iii. lið 2. liðar a-liðar, vera umfram 10 flugtök og landingar.

SFCL.135 SPL – Próf í bóklegri þekkingu

a) Bókleg þekking

Umsækjendur um SPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar sem samsvarar réttindum sem sótt er um með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

1) almennar námsgreinar:

- i. lög og reglur um loftferðir,
- ii. mannleg geta,
- iii. veðurfræði,
- iv. fjarskipti,

2) sérstakar námsgreinar er lúta að svifflugum:

- i. flugeðlisfræði,
- ii. verklagsreglur í flugi,
- iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,
- iv. almenn þekking á loftförum varðandi svifflugur og
- v. flugleiðsaga.

b) Ábyrgð umsækjandans

- 1) Umsækjendur skulu taka öll próf í bóklegri þekkingu í tengslum við SPL-skírteini áritun á ábyrgð lögbærs yfirvalds í einu og sama aðildarríkinu.
- 2) Umsækjandinn skal aðeins taka próf í bóklegri þekkingu þegar hann eða hún hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri og þegar samþykktta þjálfunarfyrtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækið, sem ber ábyrgð á þjálfun hans eða hennar, mælir með því.
- 3) Meðmælin frá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal samþykktta þjálfunarfyrtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.

c) Prófkörður

- 1) Umsækjandinn telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef viðkomandi nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Ekki skal beita refsieiningum.
- 2) Umsækjandi er talinn, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka, hafa lokið, með fullnægjandi hætti, prófi í bóklegri þekkingu sem krafist er fyrir útgáfu SPL-skírteinis ef hann eða hún hefur staðist öll þau próf í bóklegri þekkingu sem krafist er innan 18 mánaða tímabils talið frá lokum þess almanaksánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst prófið.
- 3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann eða hún þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.
- 4) Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur í bóklegri þekkingu skal viðkomandi gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki. Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjandanna.

d) Gildistími

Þegar umsækjandi hefur staðist próf í bóklegri þekkingu með fullnægjandi árangri skal það gilda í 24 mánuði frá þeim degi sem umsækjandinn stóðst prófið, í samræmi við 2. lið c-liðar.

SFCL.140 SPL – Viðurkenning á bóklegri þekkingu

Umsækjendur um útgáfu SPL-skírteinis skulu hljóta viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í almennum námsgreinum, eins og tilgreint er í 1. lið a-liðar SFCL.135 ef þeir:

- a) eru handhafar skírteinis í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/395 eða
- b) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og tilgreint er í a-lið, svo fremi sem þetta er gert innan gildistímans sem tilgreindur er í d-lið SFCL.135.

SFCL.145 SPL – Færnipróf

- a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um SPL-skírteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á svifflugu og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um.
- b) Umsækjendur skulu ljúka færniprófinu í svifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugum, eða á ferðavélsvifflugu, með hliðsjón af þeim réttindum sem óskað er eftir og með fyrirvara um að þjálfunarnámskeiðið, sem um getur í lið SFCL.130, hafi falið í sér nauðsynlega þjálfunarbætti sem skipta máli fyrir viðkomandi loftfar. Umsækjandi, sem hefur lokið þjálfunarnámskeiði, þ.m.t. þeim þjálfunarbáttum sem eru nauðsynlegir fyrir bæði svifflugur og ferðavélsvifflugur, má ljúka tveimur færniprófum, þ.e.a.s. einu prófi í svifflugu, þó ekki í ferðavélsvifflugu, og einu prófi í ferðavélsvifflugu, til að fá réttindi fyrir bæði loftförin.
- c) Til þess að taka færnipróf fyrir útgáfu SPL-skírteinis skal umsækjandinn fyrst standast prófin sem krafist er í bóklegri þekkingu.

- d) Prófkjöfur
- 1) Færniþrófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs í svifflygu.
 - 2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta fellur hann í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann eða hún aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að endurtaka allt prófið.
 - 3) Ef umsækjandinn þarf að endurtaka prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, skal umsækjandinn endurtaka allt prófið.
- e) Hafi umsækjandinn ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal hann eða hún gangast undir frekari verklega þjálfun.

SFCL.150 SPL – Réttindi fyrir svifflygu og fyrir ferðavélsvifflygu

- a) Ef færniþrófið, sem um getur í lið SFCL.145, var tekið í svifflygu, þó ekki ferðavélsvifflygu, skulu réttindi SPL-skirteinis takmarkast við svifflygu, þó ekki ferðavélsvifflygu.
- b) Í því tilviki sem um getur í a-lið skal veita viðbótarréttindi við réttindi SPL-skirteinis þannig að þau nái til ferðavélsvifflygna, ef óskað er eftir því og ef flugmaðurinn hefur:
- 1) lokið þeim þjálfunarþáttum sem tilgreindir eru í v. lið 2. liðar a-liðar í lið SFCL.130 hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki,
 - 2) staðist færniþróf sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni á ferðavélsvifflygu. Á meðan á þessu færniþrófi stendur skal umsækjandinn einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á ferðavélsvifflygum í eftirfarandi námsgreinum:
 - i. flugeðlisfræði,
 - ii. verklagsreglur í flugi,
 - iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,
 - iv. almenn þekking á loftförum og
 - v. flugleiðsaga.
- c) Handhafar skirteinis, sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í b-lið, að því tilskildu að þeir:
- 1) séu handhafar flokksáritunar fyrir ferðavélsvifflygu eða
 - 2) séu handhafar réttinda fyrir ferðavélsvifflygu og uppfylla kröfurnar um nýlega reynslu sem um getur í lið FCL.140 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
- d) Ef færniþrófið, sem um getur í lið SFCL.145, var tekið í ferðavélsvifflygu skulu réttindi SPL-skirteinis takmarkast við ferðavélsvifflygu.
- e) Í því tilviki sem um getur í a-lið skal veita viðbótarréttindi við réttindi SPL-skirteinis þannig að þau nái til svifflygna, ef óskað er eftir því og ef flugmaðurinn hefur:
- 1) lokið þeim þjálfunarþáttum sem tilgreindir eru í iv. lið 2. liðar a-liðar í lið SFCL.130 hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og a.m.k. 15 flugtökum og landingum í svifflygu, þó ekki ferðavélsvifflygu, og
 - 2) staðist færniþróf sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni á svifflygu, þó ekki ferðavélsvifflygu. Á meðan á þessu færniþrófi stendur skal flugmaðurinn einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á svifflygum, þó ekki ferðavélsvifflygum, í eftirfarandi námsgreinum:
 - i. flugeðlisfræði,
 - ii. verklagsreglur í flugi,
 - iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,

- iv. almenn þekking á loftförum og
 - v. flugleiðsaga.
- f) Þegar þjálfuninni, sem tilgreind er í 1. lið b-liðar og 1. lið e-liðar, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af skólastjóra samþykka þjálfunarfyrtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni.

SFCL.155 SPL – Flugtaksáðferðir

- a) Handhafar SPL-skrifteina skulu aðeins neyta réttinda sinna með því að nota þær flugtaksáðferðir sem þeir hafa hlotið sérstaka þjálfun í, annaðhvort á þjálfunarnámskeiðinu í samræmi við lið SFCL.130 eða 1. lið e-liðar í lið SFCL.150, eða í tengslum við viðbótarþjálfun sem kennari veitir eftir útgáfu SPL-skrifteinisins. Þessi sérstaka þjálfun skal samstanda af:
- 1) þegar um er að ræða flugtak með dráttarspili og með bíl: að lágmarki 10 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón,
 - 2) þegar um er að ræða flugtog eða flugtak fyrir eigin afli: að lágmarki 5 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón; þegar um er að ræða flugtak fyrir eigin afli má fartími með kennara fara fram í ferðavélsvifflugu,
 - 3) þegar um er að ræða flugtak með teygju: að lágmarki 3 flugtökum sem framkvæmd eru í fartíma með kennara eða í einflugi undir umsjón og
 - 4) þegar um er að ræða aðrar flugtaksáðferðir: þjálfun samkvæmt kröfum lögbæra yfirvaldsins.
- b) Þegar þjálfuninni, sem tilgreind er í a-lið, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af skólastjóra samþykka þjálfunarfyrtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins eða þeim kennara sem bar ábyrgð á þjálfuninni, eftir því sem við á.
- c) Til að viðhalda réttindunum fyrir hverja flugtaksáðferð og í samræmi við kröfur a- og b-liðar skulu handhafar SPL-skrifteina ljúka að lágmarki fimm flugtökum á næstliðnum tveimur árum, þó ekki fyrir flugtak með teygju, en þá skulu þeir aðeins ljúka tveimur flugtökum. Þegar um er að ræða flugtak fyrir eigin afli þá má framkvæma flugtök sem flugtak fyrir eigin afli eða í ferðavélsvifflugu eða sambland af þessu.
- d) Ef handhafar SPL-skrifteina uppfylla ekki kröfurnar í c-lið skulu þeir framkvæma viðbótarfjölda flugtaka með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að endurnýja réttindi sín.

SFCL.160 SPL – Kröfur um nýlega reynslu

- a) Svifflugur, þó ekki ferðavélsvifflugur

Handhafar SPL-skrifteina skulu aðeins neyta réttinda SPL-skrifteinis, þó ekki réttinda fyrir ferðavélsvifflugur, ef þeir hafa á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug:

- 1) lokið a.m.k. fimm fartímum á svifflugum sem flugstjóri eða með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á svifflugur, þ.m.t. a.m.k. eftirfarandi á svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum:
 - i. 15 flugtök og
 - ii. tvö þjálfunarflug með flugkennara á svifflugu, eða
- 2) staðist hæfnipróf með flugprófdómara fyrir svifflugur á svifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugum, og skal hæfniprófið byggjast á færniprófinu fyrir SPL-skrifteini.

- b) Ferðavélsvifflugur (TMG)

Handhafar SPL-skrifteina skulu aðeins neyta réttinda sinna fyrir ferðavélsvifflugur ef þeir hafa á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug:

- 1) lokið a.m.k. 12 fartímum sem flugstjóri eða með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á svifflugur, þ.m.t. a.m.k. eftirfarandi á ferðavélsvifflugum:
 - i. sex fartíma,
 - ii. 12 flugtök og landingar og
 - iii. þjálfunarflug í a.m.k. einn tíma af heildarfartíma með kennara eða

- 2) staðist hæfnipróf með flugprófdómara og skal hæfniprófið byggjast á færniþrófinu sem um getur í 2. lið b-liðar í lið SFCL.150.
- c) Handhafar SPL-skirteina sem eru með réttindi til að fljúga á ferðavélsvifflugum en eru einnig handhafar skirteinis, sem er með réttindi til að fljúga á ferðavélsvifflugum í samræmi við ákvæði I. viðauka (FCL-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, skulu undanþegnir kröfum b-liðar.
- d) Þegar fartímum með kennara, fartímum undir umsjón kennara og þjálfunarflugi því sem um getur í 1. lið a-liðar og b-lið, sem og hæfniprófinu, sem tilgreint er í c-lið, er lokið, skal færa það í leiðarflugbók flugmannsins og skal færslan undirrituð af ábyrgum flugkennara á svifflugur (FI(S)), ef um er að ræða 1. lið a-liðar og 1. lið b-liðar, eða, ef um er að ræða 2. lið a-liðar og 2. lið b-liðar, ábyrgum flugprófdómara fyrir svifflugur (FE(S)).
- e) Farþegaflutningar
Handhafar SPL-skirteina skulu aðeins flytja farþega ef þeir hafa á næstliðnum 90 dögum sem flugstjóri framkvæmt a.m.k.:
 - 1) þrjú flugtök í svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum, ef flytja á farþega í svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum, eða
 - 2) þrjú flugtök og landingar í ferðavélsvifflugum ef flytja á farþega í ferðavélsvifflugum. Til að flytja farþega í ferðavélsvifflugum að næturlagi skal a.m.k. eitt þessara flugtaka og landinga fara fram að næturlagi.

ADD-KAFLI

VIÐBÓTARÁRITANIR OG -RÉTTINDI

SFCL.200 Listflugsréttindi

- a) Handhafar SPL-skirteina skulu aðeins framkvæma listflug í svifflugum þar sem slökkt er á öllum hreyflum eða, að því er varðar d- og e-lið, með hreyfilafli, ef þeir eru handhafar viðeigandi listflugsréttinda í samræmi við þennan lið.
- b) Grunnréttindi fyrir listflug:
 - 1) veita handhafa þess rétt til að framkvæma listflug, sem takmarkast við eftirfarandi flugbrögð:
 - i. klifur og dýfur með 45 gráðu halla, framkvæmt sem listflug,
 - ii. bakfallslykkjur (e. *inside loops*),
 - iii. lóðrétta kúvendingu (e. *wingover*),
 - iv. letiáttu (e. *lazy-eight*),
 - v. spunaflug,
 - 2) eru innifalin í réttindum SPL-skirteinis eftir að flugmaður hefur lokið:
 - i. a.m.k. 30 fartímum eða 120 flugtökum sem flugstjóri á svifflugum eftir útgáfu SPL-skirteinisins,
 - ii. þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:
 - A) kennslu í bóklegri þekkingu sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um,
 - B) kennslu í listflugi í tengslum við þau flugbrögð sem tilgreind eru í 1. lið.
- c) Framhaldsréttindi fyrir listflug:
 - 1) gefa handhafa þeirra rétt til að fljúga listflug sem takmarkast ekki við þau flugbrögð sem tilgreind eru í 1. lið b-liðar,
 - 2) eru innifalin í réttindum SPL-skirteinis eftir að flugmaður hefur:
 - i. uppfyllt kröfumnar í i. lið 2. liðar b-liðar,
 - ii. lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:
 - A) kennslu í bóklegri þekkingu sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um,
 - B) a.m.k. fimm tíma eða 20 flug með kennslu í listflugi.

- d) Grunn- eða framhaldsréttindin fyrir listflug skulu fela í sér listflug á svifflogu með hreyfilafli ef flugmaður hefur hlotið þjálfun í listflugi á svifflogum með hreyfilafli á þjálfunarnámskeiði í samræmi við ii. lið 2. liðar b-liðar eða ii. lið 2. liðar c-liðar, eftir því sem við á.
- e) Réttindi SPL-skírteinis skulu fela í sér framhaldsréttindi fyrir listflug fyrir ferðavélsvifflogur sem flognar eru með hreyfilafli ef flugmaður hefur einnig eða hefur haft listflugsáritun í samræmi við lið FCL.800 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, þ.m.t. réttindi fyrir listflug á ferðavélsvifflogum.
- f) Þegar lokið hefur verið við þjálfunarnámskeiðið, sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar b-liðar eða ii. lið 2. liðar c-liðar, og, eftir því sem við á, þá þjálfun sem tilgreind er í d-lið, skal það skráð í leiðarflugbók og færslan undirrituð af skólastjóra samþykka þjálfunarfyrtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni.

SFCL.205 Flugtogsáritun fyrir svifflogur og flugtogsáritun fyrir borða

- a) Handhafar SPL-skírteina, sem hafa réttindi til að fljúga ferðavélsvifflogum, skulu aðeins flugtoga svifflogur eða borða ef þeir eru handhafar flugtogsáritunar fyrir svifflogur eða flugtogsáritunar fyrir borða í samræmi við þennan lið.
- b) Umsækjendur um flugtogsáritun fyrir svifflogur skulu hafa lokið:
 - 1) a.m.k. 30 fartímum sem flugstjóri og 60 flugtökum og landingum á ferðavélsvifflogum, eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflogu,
 - 2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki, þ.m.t.:
 - i. kennslu í bóklegri þekkingu varðandi starfrækslu og verklag við flugtog á svifflogu,
 - ii. a.m.k. 10 þjálfunarflug í flugtogi á svifflogu, þ.m.t. a.m.k. 5 þjálfunarflug með kennara, og
 - iii. ef um er að ræða handhafa SPL-skírteinis sem hefur réttindi sem takmarkast við ferðavélsvifflogur, í samræmi við d-lið SFCL.150, fimm kynningarflug í svifflogu sem komið er á loft af loftfari.
- c) Umsækjendur um flugtogsáritun fyrir borða skulu hafa lokið:
 - 1) a.m.k. 100 fartímum og 200 flugtökum og landingum sem flugstjóri á ferðavélsvifflogum, eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflogu,
 - 2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki, þ.m.t.:
 - i. kennslu í bóklegri þekkingu varðandi starfrækslu og verklag við flugtog á borða,
 - ii. a.m.k. 10 kennsluflug í flugtogi á borða, þ.m.t. a.m.k. 5 fartíma með kennara.
- d) Umsækjendur um flugtogsáritun fyrir svifflogur eða flugtogsáritun fyrir borða í samræmi við þennan lið, sem eru þegar handhafar flugtogsáritunar fyrir svifflogur eða flugtogsáritunar fyrir borða í samræmi við b-lið FCL.805 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða sem hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar, eftir því sem við á, skulu:
 - 1) hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í b- eða c-lið í því skyni að fá áritun til að flugtoga svifflogur eða borða, eftir því sem við á, ef flugtogsáritun umsækjanda, sem um getur í d-lið, felur í sér réttindi til að flugtoga ferðavélsvifflogur eða
 - 2) hafa lokið a.m.k. þremur kennsluflugum með kennara þar sem farið er yfir allt efni námskrár flugtogsþjálfunar fyrir svifflogur eða fyrir borða, eftir því sem við á, á ferðavélsvifflogum.
- e) Þegar þjálfunarnámskeiðinu, sem tilgreint er í 2. lið b-liðar, 2. lið c-liðar og 2. lið d-liðar, er lokið, skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af skólastjóra samþykka þjálfunarfyrtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni, eftir því sem við á.
- f) Svo að handhafi áritunar fyrir flugtog á svifflogum eða flugtog á borðum geti neytt réttinda sinna skal hann hafa lokið a.m.k. 5 flugtögum á næstliðnum tveimur árum.
- g) Ef handhafi áritunar fyrir flugtog á svifflogum uppfyllir ekki kröfuna í f-lið skal hann ljúka þeim flugtögum sem vantar upp á með kennara eða undir umsjón hans áður en hann heldur áfram að neyta réttinda sinna.

SFCL.210 Næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur

- a) Handhafar SPL-skírteina, sem hafa réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum, skulu aðeins neyta réttinda sinna fyrir ferðavélsvifflugur við sjónflugsskilyrði að nóttu til ef þeir eru handhafar næturflugsáritunar fyrir ferðavélsvifflugur í samræmi við þennan lið.
- b) Umsækjendur um næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur skulu fyrst ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki. Námskeiðið skal samanstanda af:
 - 1) bóklegri kennslu fyrir flug við sjónflugsskilyrði að nóttu til,
 - 2) a.m.k. fimm fartímum í ferðavélsvifflugum að nóttu til, þ.m.t. að lágmarki þremur fartímum með kennara, þ.m.t. að lágmarki eftirfarandi:
 - i. einn tími í landflugsleiðsögu með a.m.k. einu landflugi með kennara, sem er að lágmarki 50 km (27 sjómílar),
 - ii. fimm flugtök í einflugi og
 - iii. fimm stöðvunarlandingar í einflugi.
- c) Til að ljúka næturþjálfuninni skal handhafi SPL-skírteinis fyrst ljúka grunnþjálfun í blindflugi, sem krafist er fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis) í samræmi við ákvæði I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
- d) Umsækjendur um næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur í samræmi við þennan lið skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur b- og c-liðar ef þeir eru handhafar næturflugsáritunar í samræmi við lið FCL.810 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (EB) nr. 1178/2011 eða ef þeir hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar.

SFCL.215 Skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur

- a) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins starfrækja svifflugur í skýjum ef:
 - 1) slökkt hefur verið á öllum hreyflum, og
 - 2) þeir hafa skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur í samræmi við þennan lið.
- b) Réttindi sem fylgja SPL-skírteini skulu fela í sér skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur ef flugmaður hefur lokið að lágmarki:
 - 1) 30 klukkustundum sem flugstjóri á svifflugum eftir útgáfu skírteinisins,
 - 2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki, þ.m.t.:
 - i. bóklegri kennslu,
 - ii. a.m.k. tveimur fartímum með kennara á svifflugum þar sem slökkt er á öllum hreyflum og loftfarinu er stjórnað alfarið út frá mælitækjum. Þó má ljúka að hámarki 50% af fartíma með kennara í ferðavélsvifflugum sem er flogið með hreyfilafli, að því tilskildu að þessu þjálfunarflugi sé flogið við sjónflugsskilyrði.
- c) Til að öðlast skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur skal handhafi SPL-skírteinis, sem er einnig handhafi grunnblindflugsáritunar (BIR) eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar (IR(A)) í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða sem uppfyllir allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu annarrar þessarar áritunar:
 - 1) hljóta viðurkenningu upp í kröfuna í i. lið 2. liðar b-liðar,
 - 2) þrátt fyrir ii. lið 2. liðar b-liðar, ljúka a.m.k. einum fartíma með kennara á svifflugum, þar sem svifflugunni er stjórnað alfarið út frá mælitækjum.
- d) Þegar þjálfunarnámskeiðinu sem tilgreint er í 2. lið b-liðar eða 2. lið c-liðar, eftir því sem við á, er lokið skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af skólastjóra samþykktu þjálfunarfyrtækisins eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins sem bar ábyrgð á þjálfuninni.
- e) Handhafar SPL-skírteina skulu aðeins neyta skýjaflugsréttinda fyrir svifflugur þegar þeir hafa lokið a.m.k. einum fartíma eða fimm flugum sem flugstjóri, sem neytir réttinda fyrir svifflugur, á næstliðnum tveimur árum.

- f) Ef handhafar SPL-skírteina með skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur uppfylla ekki kröfurnar í e-lið og þeir óska að neyta áfram skýjaflugsréttinda sinna fyrir svifflugur skulu þeir:
- 1) standast hæfnipróf með flugprófdómara fyrir svifflugur (FE(S)), eða
 - 2) ljúka við fleiri fartíma eða flug, eins og krafist er í e-lið, með flugkennara á svifflugur (FI(S)).
- g) Handhafar SPL-skírteina með skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur, sem eru einnig handhafar grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar í samræmi við 1. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í e-lið.

FI-KAFLI

FLUGKENNARAR

1. þáttur

Almennar kröfur

SFCL.300 Flugkennaravottorð

a) Almenn

Kennari skal aðeins sjá um flugkennslu á svifflugu ef hann eða hún:

1) er handhafi:

- i. SPL-skírteinis, þ.m.t. þeirra réttinda, áritana og vottorða sem veita skal flugkennslu í,
- ii. vottorð flugkennara á svifflugur sem er viðeigandi fyrir veitta kennslu og gefið út í samræmi við þennan kafla,

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra svifflugunnar meðan á flugkennslu stendur.

b) Kennsla sem veitt er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða flugkennslu sem veitt er á þjálfunarnámskeiði sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka (SFCL-hluta) utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út flugkennaravottorð til umsækjanda sem er handhafi SPL-skírteinis sem uppfyllir 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

- i. sé að lágmarki handhafi skírteinis þ.m.t., ef við á, réttinda, áritana eða vottorða sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að veita kennslu fyrir,
- ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu vottorðs flugkennara á svifflugur með viðeigandi kennararéttindi,
- iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann eða hún geti neytt réttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið er takmarkað við flugkennslu:

- i. utan yfirráðasvæðisins sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum,
- ii. til handa flugnema sem hefur nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.

2. þáttur

Vottorð flugkennara á svifflugur – FI(S)

SFCL.315 Vottorð flugkennara á svifflugur – Réttindi og skilyrði

a) Með fyrirvara um að umsækjendur uppfylli bæði kröfurnar í lið SFCL.320 og eftirfarandi skilyrði skal gefa út vottorð flugkennara á svifflugur með réttindi til að veita flugkennslu fyrir:

1) SPL-skírteini,

- 2) viðbótarréttindi fyrir sviðflugur í samræmi við e-lið SFCL.150,
 - 3) flugtaksaðferðir í samræmi við lið SFCL.155, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið eftirfarandi sem flugstjóri:
 - i. a.m.k. 30 flugtökum þegar um er að ræða flugtak í flugtogi eða
 - ii. a.m.k. 50 flugtökum þegar um er að ræða flugtak með vindukapli,
 - 4) viðbótarréttindi fyrir ferðavélsviðflugur í samræmi við b-lið SFCL.150, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:
 - i. lokið a.m.k. 30 fartímum sem flugstjóri á ferðavélsviðflugum,
 - ii. lokið þjálfuninni sem er tilgreind í 2. lið b-liðar SFCL.330,
 - iii. sýnt flugkennara á sviðflugu, sem hefur réttindi í samræmi við 7. lið og sem skólastjóri samþykks þjálfunarfyrtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrtækis hefur tilnefnt, fram á hæfni til að kenna á ferðavélsviðflugu,
 - 5) grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug eða skýjaflugsréttindi fyrir sviðflugur eða fyrir flugtogssáritun fyrir sviðflugur eða flugtogssáritun fyrir borða, að því tilskildu að umsækjandinn:
 - i. sé handhafi framhaldsréttinda fyrir listflug í samræmi við c-lið liðar SFCL.200 ef um er að ræða kennslu fyrir grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug,
 - ii. hafi sýnt flugkennara á sviðflugur, sem er með réttindi í samræmi við 7. lið a-liðar og sem skólastjóri samþykks þjálfunarfyrtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrtækis hefur tilnefnt, fram á hæfni til að veita kennslu til viðeigandi réttinda eða áritunar,
 - 6) flug að nóttu til í ferðavélsviðflugu, að því tilskildu að umsækjandinn:
 - i. uppfylli kröfuna um reynslu í næturflugi í 2. lið e-liðar SFCL.160,
 - ii. hafi sýnt flugkennara á sviðflugur, sem hefur réttindi í samræmi við 7. lið og sem skólastjóri samþykks þjálfunarfyrtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrtækis hefur tilnefnt, fram á hæfni til að kenna á ferðavélsviðflugu að nóttu til,
 - 7) vottorð flugkennara á sviðflugur, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:
 - i. lokið a.m.k. 50 tímum eða 150 flugtökum í flugkennslu á sviðflugum,
 - ii. sýnt flugkennara á sviðflugur, sem hefur réttindi í samræmi við þennan lið og sem skólastjóri hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki hefur tilnefnt, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir vottorð flugkennara á sviðflugur, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi.
- b) Réttindin, sem um getur í a-lið, skulu fela í sér réttindi til að veita flugkennslu í tengslum við:
- 1) útgáfu viðeigandi skírteinis, réttinda, áritana eða vottorðs og
 - 2) framlengingu, endurnýjun eða hlítingu við viðeigandi kröfur um nýlega reynslu í þessum viðauka, eftir því sem við á.

SFCL.320 Vottorð flugkennara á sviðflugur – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um vottorð flugkennara á sviðflugur skulu:

- a) vera a.m.k. 18 ára gamlir,
- b) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og 2. lið í lið SFCL.300,
- c) hafa lokið 100 fartímum og 200 flugtökum sem flugstjóri á sviðflugu,
- d) hafa lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í samræmi við lið SFCL.330 hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki og
- e) hafa staðist hæfnismat í samræmi við lið SFCL.345.

SFCL.325 Hæfni flugkennara á sviffflugur og mat

Umsækjendur um vottorð flugkennara á sviffflugur skulu hljóta þjálfun með það að markmiði að ná eftirfarandi hæfni:

- a) undirbúa aðstöðu og hjálpargögn,
- b) skapa andrúmsloft sem stuðlar að námi,
- c) miðla þekkingu,
- d) samtvinna hættu- og mistakastjórnun (TEM) og stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM),
- e) skipuleggja tímann í því skyni að ná þjálfunarmarkmiðum,
- f) greiða fyrir námi,
- g) meta frammistöðu nemans,
- h) vakta og endurskoða framvindu,
- i) meta þjálfunarsetu og
- j) skýra frá niðurstöðum.

SFCL.330 Flugkennari á sviffflugur— Þjálfunarnámskeið

- a) Umsækjendur um vottorð flugkennara á sviffflugur skulu fyrst standast tiltekið inntökumat hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki sem skal fara fram á næstliðnum 12 mánuðum fyrir upphaf þjálfunarnámskeiðsins til að meta getu viðkomandi til að sitja námskeiðið.
- b) Þjálfunarnámskeiðið fyrir flugkennara á sviffflugur skal fela í sér:
 - 1) á sviffflugum, þó ekki ferðavélsviffflugum:
 - i. þau atriði sem tilgreind eru í lið SFCL.325,
 - ii. 25 tíma í náms- og kennslufræði,
 - iii. 30 tíma í bóklegri kennslu, þ.m.t. framvindupróf,
 - iv. a.m.k. 6 tíma í flugkennslu, þar af má að hámarki ljúka þrem tímum í ferðavélsviffflugum, eða 20 flugtök í flugkennslu,
 - 2) þar að auki, ef réttindi vottorðs flugkennara á sviffflugur felur í sér þau réttindi sem tilgreind eru í 4. og 6. lið a-liðar í lið SFCL.315, a.m.k. sex fartíma með kennara á ferðavélsviffflugum.
- c) Umsækjendur, sem eru nú þegar handhafar kennaravottorðs í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfunu í ii. lið 1. liðar b-liðar.
- d) Þegar sótt er um vottorð flugkennara á sviffflugur skal flugmaður, sem er eða hefur verið handhafi vottorðs flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, hljóta viðurkenningu fyrir 18 klukkustundir upp í kröfurnar í iii. lið 1. liðar b-liðar.

SFCL.345 Flugkennari á sviffflugur – Hæfnismat

- a) Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugkennara á sviffflugur skulu standast hæfnismat til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við c-lið SFCL.415, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu SPL-skírteinis.
- b) Matið skal fela í sér:
 - 1) að sýnt sé fram á hæfni, sem lýst er í lið SFCL.325, við kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu,
 - 2) munnleg próf í bóklegum greinum á jörðu niðri, fyrirflugsgynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara í sviffflugum,
 - 3) viðeigandi æfingar til þess að meta hæfni kennarans.

- c) Mat á hæfni, sem framkvæmt er í tengslum við fyrstu útgáfu vottorðs flugkennara á sviffflugur, skal fara fram í sviffflugum, þó ekki ferðavélsviffflugum.

SFCL.350 Flugkennari á sviffflugur — Takmörkuð réttindi

- a) Réttindi flugkennara á sviffflugur skulu takmarkast við það að veita flugkennslu undir umsjón flugkennara á sviffflugur með ótakmörkuð réttindi, sem samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrtæki tilnefni í þessum tilgangi, í eftirfarandi tilvikum:
- 1) fyrir útgáfu SPL-skráteinis,
 - 2) fyrir viðbætur við réttindi SPL-skráteinis þannig að þau feli í sér viðbótarréttindi fyrir sviffflugur eða ferðavélsviffflugur í samræmi við lið SFCL.150,
 - 3) fyrir viðbætur við réttindi SPL-skráteinis þannig að þau feli í sér viðbótarflugtaksaðferðir í samræmi við lið SFCL.155 og
 - 4) fyrir grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug eða skýjaflugsréttindi fyrir sviffflugur eða fyrir flugtogsáritun fyrir sviffflugur eða flugtogsáritun fyrir borða.
- b) Við þjálfun undir umsjón, í samræmi við a-lið, hefur flugkennari á sviffflugur ekki réttindi til þess að veita flugnema heimild til að fljúga sitt fyrsta einflug eða sitt fyrsta einflug í landflugi.
- c) Takmörkunum í a- og b-lið skal aflétta úr vottorði flugkennara á sviffflugur þegar flugkennarinn hefur lokið a.m.k. 15 tímum í flugkennslu eða 50 flugtökum í flugkennslu þar sem farið er yfir alla fasa flugs í sviffflugur. Ef um er að ræða flugkennara á sviffflugur með takmörkuð réttindi, sem uppfyllir kröfur 2. liðar b-liðar í lið SFCL.330, má ljúka 5 af þessum 15 tímum í ferðavélsviffflugur og í staðinn fyrir 15 af þessum 50 flugtökum má framkvæma flugtök og landingu í ferðavélsviffflugur.

SFCL.360 Vottorð flugkennara á sviffflugur – Kröfur um nýlega reynslu

- a) Handhafi vottorðs flugkennara á sviffflugur skal aðeins neyta réttinda vottorðs síns ef viðkomandi hefur lokið eftirfarandi áður en fyrirhugað er að neyta þessara réttinda:
- 1) á næstliðnum þremur árum:
 - i. lokið upprifjunarþjálfun fyrir kennara hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, yfirlýstu þjálfunarfyrtæki eða lögbæru yfirvaldi þar sem handhafinn skal hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir kennara á sviffflugur og
 - ii. ef viðkomandi á að veita flugkennslu sem flugkennari á sviffflugur skal hann lokið a.m.k.:
 - A) 30 tímum eða
 - B) 60 flugtökum og landingum og
 - 2) innan næstliðinna níu ára og í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi, hefur sýnt flugkennara á sviffflugur, sem hefur réttindi í samræmi við 7. lið a-liðar í lið SFCL.315 og tilnefndur er af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki, fram á hæfni til að veita kennslu á sviffflugur.
- b) Veita skal fulla viðurkenningu upp í kröfuna í ii. lið 1. liðar a-liðar fyrir klukkustundir sem flognar eru sem flugprófdómari fyrir sviffflugur í færniþrófum, hæfniþrófum og við hæfnismat.
- c) Ef handhafi vottorðs flugkennara á sviffflugur hefur ekki lokið kennsluflugi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara á sviffflugur, í samræmi við 2. lið a-liðar, skal hann eða hún ekki neyta réttinda vottorðs flugkennara á sviffflugur þar til hann eða hún hefur lokið hæfnismati með fullnægjandi hætti í samræmi við lið SFCL.345.
- d) Handhafi vottorðs flugkennara á sviffflugur, sem uppfyllir ekki allar kröfur a-liðar, skal uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og í lið SFCL.345 til þess að neyta á ný réttinda vottorðsins.

*FE-KAFLI***FLUGPRÓFDÓMARAR***1. þáttur***Almennar kröfur****SFCL.400 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur**

a) Almenn

Prófdómari skal aðeins framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat í samræmi við þennan viðauka ef hann eða hún:

1) er handhafi:

- i. SPL-skírteinis, þ.m.t. réttinda, áritana og vottorða sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat fyrir, og réttinda til að veita kennslu þar að lútandi,
- ii. flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur, þ.m.t. réttinda sem eru viðeigandi fyrir færniþrófið, hæfniþrófið eða hæfnismatið sem framkvæmt er, sem gefið er út í samræmi við þennan kafla,

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra svifflugur við færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat.

b) Próf sem haldin eru utan yfirráðasvæða aðildarríkanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða færniþróf og hæfniþróf sem haldin eru utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út prófdómaravottorð til umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis fyrir svifflugur sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

- i. sé a.m.k. handhafi skírteinis þ.m.t., ef við á, réttinda, áritana eða vottorða sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færniþróf eða hæfniþróf fyrir,
- ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs,
- iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á flugöryggisreglum Sambandsins svo hann geti neytt prófdómararéttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið, sem vísað er til í 1. lið, skal takmarkast við það að framkvæma færni- og hæfniþróf:

- i. utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og
- ii. til handa flugmanni sem hefur nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniþrófið fer fram á.

SFCL.405 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómari fyrir svifflugur skal ekki framkvæma:

a) færniþróf eða hæfnismat umsækjanda vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs þegar prófdómari hefur sjálfur veitt umsækjanda meira en 50% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skírteini, áritun eða vottorð sem færniþrófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir eða

b) færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat ef viðkomandi er ekki viss um að hann eða hún geti verið hlutlaus.

SFCL.410 Framkvæmd færniþrófs, hæfniþrófs og hæfnismats

- a) Þegar prófdómarar fyrir sviffflugur framkvæma færniþróf, hæfniþróf og hæfnismat skulu þeir gera allt eftirfarandi:
- 1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,
 - 2) staðfesta að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum viðauka um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skirteinisins, réttindanna, áritunarinnar eða vottorðsins sem verið er að þreyta færni- eða hæfniþrófið eða hæfnismatið fyrir,
 - 3) gera umsækjandanum það ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um þjálfun hans eða hennar og flugreynslu.
- b) Að færniþrófinu, hæfniþrófinu eða hæfnismatinu loknu skal prófdómarinn fyrir sviffflugur:
- 1) upplýsa umsækjandann um útkomu færniþrófsins, hæfniþrófsins eða hæfnismatsins,
 - 2) ef umsækjandinn hefur staðist hæfnismatið fyrir framlengingu eða endurnýjun, skrá nýjan gildistíma í skirteini eða vottorð umsækjandans, ef prófdómarinn hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skirteini umsækjandans,
 - 3) veita umsækjandanum undirritaða skýrslu um færniþrófið, hæfniþrófið eða hæfnismatið og tafarlaust afhenda afrit af henni til handa því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á skirteini umsækjandans og því lögbæra yfirvaldi sem gaf út prófdómaravottorðið. Skýrslan skal innihalda:
 - i. yfirlýsingu þess efnis að prófdómarinn fyrir sviffflugur hafi tekið við upplýsingum frá umsækjandanum varðandi reynslu hans eða hennar og nám og komist að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja uppfylli viðkomandi kröfur í þessum viðauka,
 - ii. staðfestingu þess efnis að öllum tilskildum flugbrögðum og æfingum hafi verið lokið sem og upplýsingar um munnlegt próf í bóklegri þekkingu, þegar við á; ef umsækjandi hefur fallið á einhverju atriði í þessum flokkum skal prófdómarinn skrá ástæður þess í matinu sínu,
 - iii. útkomu færniþrófsins, hæfniþrófsins eða hæfnismatsins,
 - iv. yfirlýsingu um að prófdómarinn fyrir sviffflugur hafi farið yfir og beitt þeim landsbundnu málsmeðferðarreglum og kröfum sem gilda hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda, þegar lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á skirteini umsækjanda, er ekki sama yfirvaldið og gaf út prófdómaravottorðið,
 - v. afrit af vottorði prófdómara fyrir sviffflugur þar sem fram kemur umfang réttinda hans eða hennar sem prófdómari í tengslum við færniþróf, hæfniþróf eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.
- c) Prófdómarinn fyrir sviffflugur skal geyma skrár í fimm ár með upplýsingum um öll færni- og hæfniþróf og hæfnismöt sem framkvæmd eru og útkomu þeirra.
- d) Að beiðni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu fyrir sviffflugur, eða lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skirteini umsækjandans, skal prófdómarinn fyrir sviffflugur leggja fram öll gögn og skýrslur, ásamt öðrum upplýsingum, sem krafist er vegna eftirlitsstarfsemi.

*2. þáttur***Flugprófdómaravottorð fyrir sviffflugur – FE(S)****SFCL.415 Flugprófdómaravottorð fyrir sviffflugur – Réttindi og skilyrði**

Með fyrirvara um að umsækjandi uppfylli bæði kröfurnar í lið SFCL.420 og eftirfarandi skilyrði, skal gefa út flugprófdómaravottorð fyrir sviffflugur, að fenginni beiðni, með réttindi til að framkvæma:

- a) færni- og hæfniþróf fyrir SPL-skirteinið, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið a.m.k. 300 fartímum sem flugmaður á sviffflugum, þó ekki ferðavélsviffflugum, þ.m.t. 150 tímum í flugkennslu eða 300 flugtökum í flugkennslu,

- b) færniþróf fyrir viðbótarréttindi fyrir SPL-skírteini þannig að þau taki til ferðavélsvifflugna í samræmi við e-lið SFCL.150, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið 300 fartímum í svifflugum, þ.m.t. 50 tímum í flugkennslu á ferðavélsvifflugu,
- c) hæfnismat fyrir útgáfu flugkennaravottorðs fyrir svifflugur, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:
 - 1) lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á svifflugum, þ.m.t., ef til stendur að neyta réttinda flugprófdómara-vottorðsins á svifflugur:
 - i. á svifflugum, þó ekki ferðavélsvifflugum, lokið a.m.k. 10 fartímum eða 30 flugtökum við kennslu sem veitt er umsækjanda um vottorð flugkennara á svifflugur (FI(S)) í svifflugu, þó ekki ferðavélsvifflugu,
 - ii. á ferðavélsvifflugum, lokið a.m.k. 10 fartímum eða 30 flugtökum og landingum við kennslu sem veitt er umsækjanda um vottorð flugkennara á svifflugur (FI(S)) í ferðavélsvifflugu,
 - 2) hlotið sértæka þjálfun á samræmingarnámskeiði fyrir prófdómara í samræmi við lið SFCL.430.

SFCL.420 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skulu:

- a) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og 2. lið a-liðar í lið SFCL.400,
- b) hafa lokið samræmingarnámskeiði flugprófdómara fyrir svifflugur í samræmi við lið SFCL.430,
- c) hafa lokið hæfnismati í samræmi við lið SFCL.445,
- d) sýna fram á bakgrunn sem er viðeigandi fyrir réttindin sem fylgja flugprófdómaravottorðinu og
- e) sýna fram á að á næstliðnum þremur árum hafi viðkomandi ekki verið beitt neinum viðurlögum, þar á meðal sviptingu, takmörkunum eða afturköllum skírteina, áritana eða vottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, fyrir að fylgja ekki reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

SFCL.430 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Samræmingarnámskeið

- a) Umsækjendur um flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skulu fara á samræmingarnámskeið sem annaðhvort lögbært yfirvald eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og sem viðkomandi lögbært yfirvald samþykkir.
- b) Samræmingarnámskeiðið skal sniðið að þeim réttindum flugprófdómara fyrir svifflugur sem sótt er um og skal samantanda af bóklegri og verklegri kennslu, þ.m.t. að lágmarki:
 - 1) framkvæmd tveggja færniþrófa, hæfniþrófa eða hæfnismata fyrir SPL-skírteini eða tengd réttindi eða vottorð,
 - 2) leiðbeiningar um viðeigandi kröfur þessa viðauka og viðeigandi kröfur um flugrekstur, um framkvæmd færni- og hæfniþrófa og hæfnismats, ásamt tilheyrandi skjalfestingu og skýrslugjöf þar um,
 - 3) kynningu á eftirfarandi:
 - i. stjórnsýslumeðferð hvers ríkis,
 - ii. kröfum um vernd persónuupplýsinga,
 - iii. ábyrgð prófdómara,
 - iv. slysatryggingu prófdómara,
 - v. landsbundnum gjöldum og
 - vi) upplýsingum um hvernig nálgast megi upplýsingarnar í i.–v. lið í tengslum við framkvæmd færniþrófs, hæfniþrófs eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

- c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur skal ekki framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða meta hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans, nema viðkomandi hafi endurskoðað nýjustu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem fela í sér viðeigandi landbundna málsmeðferð hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda.

SFCL.445 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Hæfnismat

Umsækjandi um fyrstu útgáfu flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur skal sýna hæfni sína sem flugprófdómari fyrir svifflugur frammi fyrir eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða yfirprófdómara sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir svifflugur. Meðan á hæfnismatinu stendur skal umsækjandinn framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat, þ.m.t. kynningu, framkvæmd færniþrófsins, hæfniþrófsins eða hæfnismatsins, auk mats á þeim einstakling sem þreytir færniþrófið, hæfniþrófið eða hæfnismatið, og eftirflugsgreiningu og skráningu gagna.

SFCL.460 Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur – Gildistími, framlenging og endurnýjun

- a) Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skal gilda í fimm ár.
- b) Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skal framlengt ef handhafi þess hefur:
- 1) meðan á gildistíma flugprófdómaravottorðsins fyrir svifflugur stendur, lokið upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara, sem lögbæra yfirvaldið eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyritæki heldur og samþykkt er af viðkomandi lögbæru yfirvaldi, og á þeim tíma skal handhafinn hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir prófdómara fyrir svifflugur,
 - 2) á næstliðnum 24 mánuðum áður en gildistími vottorðsins rennur út, sýnt eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða prófdómara, sem hefur til þess sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir svifflugur, fram á færni til að framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat.
- c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir svifflugur sem er einnig handhafi eins eða fleiri prófdómaravottorða fyrir aðrar gerðir loftfara, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, getur, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, fengið samræmda framlengingu allra prófdómaravottorða sem hann hefur.
- d) Ef flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur er útrunnið skal handhafi þess uppfylla kröfurnar í 1. lið b-liðar og í lið SFCL.445 áður en hann eða hún getur haldið áfram að neyta réttinda flugprófdómaravottorðsins fyrir svifflugur.
- e) Flugprófdómaravottorð fyrir svifflugur skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjandinn sýnir fram á að hann fari enn að kröfunum í lið SFCL.410 sem og kröfunum í d- og e-lið í lið SFCL.420.“